



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 3. maí 2018.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp um breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál), þskj. 674, 468. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál).

Samkvæmt frumvarpinu eru veittar heimildir til umfangsmikillar vinnslu persónuupplýsinga, m.a. samkeyrslu þeirra. Geldur MRSÍ því þeim varnagla við, að skýrar verði kveðið á um hvaða upplýsingar skuli unnið með, í hvaða tilgangi, hver hafi aðgang að þeim, hvernig þær verði varðveittar o.s.frv. Bent skal á að brýnar ástæður þurfa að búa að baki heimildum til samkeyrslu skráa með persónuupplýsingum auk þess sem skýrt skal kveðið á um hvaða upplýsingar megi samkeyra.

Í athugasemdum um 53. gr. frumvarpsins segir:

„ ... kveðið á um að veita útlendingi, sem áður hefur verið veitt dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals eða dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals samkvæmt lögum um útlendinga, tímabundið atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli sérstakra aðstæðna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Er gert ráð fyrir þessu þannig að hugsanlegir þolendur mansals sem dvelja hér á landi á meðan rannsókn lögreglu stendur yfir á því hvort um mansal hafi verið að ræða, geti átt möguleika á að taka þátt á innlendum vinnumarkaði, ef þeir svo kjósa, enda hafi þeim verið veitt dvalarleyfi hér á landi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals. Er jafnframt gert ráð fyrir þessu þannig að þolendur mansals eigi þess kost að taka þátt á vinnumarkaði hér á landi eftir að niðurstaða máls hefur leitt í ljós að um mansal hafi verið að ræða enda hafi þeim verið veitt dvalarleyfi hér á landi fyrir fórnarlamb mansals. Er í þessu sambandi meðal annars horft til þess að ætla má að þátttaka á vinnumarkaði geti, í það minnsta í sumum tilvikum, verið liður í því að umræddir einstaklingar nái að fóta sig að nýju eftir að hafa verið hugsanlegir þolendur eða þolendur mansals.“

MRSÍ telur brýnt að ákvæði þetta komi til framkvæmda, einkum vegna hagsmuna þeirra einstaklinga sem í hlut eiga en einnig vegna rannsóknarhagsmuna. MRSÍ tekur undir það, að með því að veita fórnarlömbum eða hugsanlegum fórnarlömbum mansals atvinnuleyfi, eru meiri líkur á að þau nái að fóta sig að nýju en jafnframt eru meiri líkur á að þau dvelji hér og aðstoði lögreglu við rannsókn mansalsmála. Að mati MRSÍ hefur samfélagið allt mikla hagsmuni af því að mansalsmál verði leidd til lykta og að gerendur þurfi að taka afleiðingum gerða sinna. Það mun



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

bæði verða til þess að vekja almenning betur til vitundar um hvað mansal er sem og að senda þau skilaboð út í samfélagið að mansal verði ekki liðið.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri